


Dynskógar

Í 12. bindi Dynskóga getur að líta eftirtalda þætti:


Friðrik G. Olgeirsson: Skaftfellingar; Kristján Sæmundsson: Mýrdalur- jarðfræði og samband manns og náttúru frá landnámi; Magnús Jóhannsson: Sjöbirtingsstofnar í Skaftárhreppi; Þórir N. Kjartansson: Að „skjóta“ á fugla; Sigbór Sigurðsson: „Hvað er þetta? Tveir menn með hest í taumi!“; Vilhjálmur Eyjólfsson: Þáttur af Margréti Jónsdóttur ljósmóður; Páll Sigurðsson: Bernskuminn- ingar; Vilhjálmur Eyjólfsson: Sögur og sagnir úr Meðallandi; Sigurjón Einarsson: Prestkosning á Kirkjubæjarklaustri 1963 og örfáar mannlífsm myndir frá þeim dögum; Hermann Árnason: Í strauminn; Selfangarinn Polarquest (nokkrir þættir); Annálar Mýrdalshrepps 2008-2010; Annálar Skaftárhrepps 2008-2010; Horfnir úr héraði; Samstarfsmaður kvaddur.

Meðlimir sögufélags Vestur-Skaftfellinga fá ritið í áskrift, og er áskriftin einu félags- gjöldin í félagið og því upplagt að ganga í félagið og tryggja sér um leið eintak af ritinu. Hægt er að tryggja sér eintak og ganga í félagið með því að senda Júlíönu Magnúsdóttur skilaboð í gegnum facebook síðu Dynskóga eða hjá eftirtöldum: Ólafíu Jakobsdóttur, Kirkjubæjarstofu. S: 487-4645; Gylfa Júlíussyni, Austurvegi 27, Vík. S: 487-1216; Sigbóri Sigurðssyni, Litla-Hvammi. S: 487-1277; Björgvin Salómonssyni, Skeiðarvogi 29, Reykjavík. S: 568-1827.



Á afskekktum stað

eftir Arnþór Gunnarsson er byggð á samtölum höfundar við sex Austur-Skaftfellinga og er henni ætlað að gefa lesendum tilfinningu fyrir sögu og þróun mannlífs í sýslunni frá því á árunum milli stríða fram til dagsins í dag. Bókin veitir innsýn í samspil einstaklings og samfélags, tengsl manns og náttúru og hvernig „nú tíminn“ barst inn á svæðið, hvaða viðtökur hann fékk og hverju hann breytti. Viðmælendur eru hjónin Álfheiður Magnúsdóttir og Gísli Arason á Höfn, Ingibjörg Zophoníasdóttir á Hala, Þorvaldur Þorgeirsson á Höfn og feðgarnir Sigurður Bjarnason og Einar Rúnar Sigurðsson á Hofnesi í Öræfum.



Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Útleiga Skaftfellingabúðar

er í höndum Skúla Oddssonar formanns, s. 864 3415

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. tbl. janúar 2012

Endursendist með upplýsingum um
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• Spilakvöld

fimmtudaga, kl. 20
12. janúar 2012
26. janúar 2012
9. febrúar 2012

• Íslandsmeistaramótið í

Hornafjarðarmanna
á HÖFNinni Geirsgötu 7
föstudag, kl. 20
3. febrúar 2012

• Myndakvöld

í Skaftfellingabúð
fimmtudag kl. 20
23. febrúar 2012

• Skaftfellingamessa

í Breiðholtskirkju
sunnudag kl. 14
18. mars 2012

• Sumarskálmi 2012

er fyrirhugað
á áttahagslóðum

• Söngfélagið

í Skaftfellingabúð
Söngæfingar
öll þriðjudagskvöld kl. 20

• Skálmi

Miðvikudaga kl. 19:30
frá Lækjarási v/Stjórnugróf
Laugardaga kl. 11:00
frá Grenilundi í Heiðmörk

Skaftfellingafélagið í Reykjavík
er á [facebook](#)

Þorrablot

Skaftfellingafélagsins verður haldið í Skaftfellingabúð

laugardaginn 21. janúar 2012

og hefst með borðhaldi kl. 20

Húsið verður opnað kl. 19

Veislustjóri

Skúli Oddsson

Fjöldasöng stjórnar

Friðrik Vignir Stefánsson



Um dansmúsíkina sjá Grétar Örvars og Sigga Beinteins
og feðginin Stefán Bjarnason og Helena Marta verða einnig
liðtæk við nikkuspil og söng

Glæsilegt þorrahlaðborð frá Höfðakaffi

Við miðþopntunum taka

Hákon (821 2115), Helgi (899 4818) og Anna (861 5817)
til og með 18. janúar.

Aðgangseyrir kr. 5.800

Fylaveislan 2011



Síðustrákarnir
Skúli Oddsson og Helgi Pálsson



Vigfús Þormar og hans fólk var nokkuð sáttt með fýlinn



Kristinn og Kjartan frá Þórisholti



Jón Geir Birgisson



Sigurjón Rútsson og Valdimar Gíslason



Bragi Ólafsson

Heiðrún Rútsdóttir



Hljómsveitin Granít

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2011-2012

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Edda Sigurðís Oddsdóttir	588 0113	892 4503	edda@skogur.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is

Varamenn Hákon Jón Kristmundsson, Jón Geir Birgisson og Rúnar Þór Guðbrandsson.

Skaftfellingamessa

Sunnudaginn 18. mars næstkomandi verður haldin árleg Skaftfellingamessa í Breiðholtskirkju í Mjódd. Þar þjóna fyrir altari prestar kirkjunnar, þau séra Gísli Jónasson og séra Bryndís Malla Elíadóttir. Auk þeirra er von á prestum úr Vestur-Skaftafellssýslu, þeim séra Haraldi M. Kristjánssyni og séra Ingólfi Hartvigssyni. Kirkjukórar úr Vestur-Skaftafellssýslu og Söngfélag Skaftfellinga syngja við messuna. Að venju selja félagar í Söngfélagi Skaftfellinga kirkjukaffi að lokinni messu og flytja nokkur lög.

Til lesenda.

Hafi þeir undir höndum gömul bréf, myndir eða sögur úr starfsemi Skaftfellingafélagsins, væri það félaginu mikils virði að fá afrit af þeim gögnum. Viðkomandi mættu koma því til stjórnarmanna eða í póstkassa félagsins í andvri Skaftfellingabúðar.

Spilakvöld

Rangæingar og Skaftfellingar halda áfram að spila framsóknarvist í Skaftfellingabúð annað hvert fimmtudagskvöld kl. 20. 12. janúar – 26. janúar – 9. febrúar



Kannast einhver við þetta fólk?

Myndakvöld

Fimmtudagskvöldið 23. febrúar nk. kl. 20:00 verður myndakvöld í Skaftfellingabúð. Þar flytur Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fræðsluerindi um virkar eldstöðvar í Skaftafellssýslum, sýnir myndir þeim tengdar og ræðir afleiðingar eldgosa. Aðgangur ókeypis, en seldar verða léttar kaffiveitingar.



Skálm

Fyrir rúmum 10 árum, eða fyrsta vetrardag, 27. október 2001, var gengin fyrsta Skálmargangan frá Nauthóli í Nauthólsvík inn eftir öllum Fossvogsdal og til baka. Þar á eftir var gengið hálfsmánaðarlega eftir hinum ýmsu stígum hér syðra.

Ferðum fjölgaði sem sjá má í gömlum fréttabréfum, en síðustu árin hefur verið gengið tvisvar í viku eins og flestum er kunnugt á miðvikudagskvöldum og laugardagsmorgnum. Fyrirhugað er sumarskálm um áttagana austur frá, en þó hefur ekkert verið fastmótað í þeim efnum enn. Sumarskálm er uppskera vetraræfinganna.